


Myriam Bat-Yosef, eða María Jósefsdóttir, hefur á undanförnum árum sýnt reglulega í Reykjavík. Er sýning hennar að Kjarvalsstöðum eðlilegt framhald af gjörningnum í Norræna húsinu 1983 (framinn ásamt bræðrunum Hauki og Herði), og sýningunni í Gallerí Lækjartorgi 1982. Hún sýnir þar 90 verk af öllu tagi; málverk; teikningar; þrívíð verk; grafík o.fl., ásamt ljósmyndum af gjörningum allt fram til ársins 1965.

Jafnvægið sem ekki má raska

Myriam Bat-Yosef sýnir að Kjarvalsstöðum

Bat-Yosef heldur áfram að mægja saman list og líf í verkum sínum. Hlutirnir í nánasta umhverfi öðlast heimspekilegt inntak í austurlenskum skilningi, þegar listamaðurinn fer um þá höndum og laðar fram dulið táknmál þeirra. Með pensilinn að vopni ræðst Bat-Yosef á hvað sem fyrir er og málar það á sinn sérstæða hátt. Hún hefur komið sér upp ákveðnum stíl sem á rætur að rekja til jafn ólíks uppruna og rókókós, aldamótastíls, skynvíkkunarlistar og arabísks skrauts (Arabeskur). Þessi stíll er einkar líflegur og minnir óneitanlega á persneskt teppamynstur í öllum sínum flæðandi flækjum.

Stólar og borð, hljóðfærakassar og blævængir eru beinlínis dulbúnir eða dulfarðaðir með þessu endalausa og bylgjandi mynstri. Það er athyglisvert að hver hlutur er þannig þakinn að helmingurinn er dökkur en hinn ljós. Það er jafnvægið milli „jing og jang“; jafnvægi sem engan veginn má raska ef lífið á að hafa sinn gang.

Þetta kemur enn betur í ljós í tvenndum, þ.e. pörum sömu hluta („Eitt par af rúmbukúlum“ nr. 38) og samanfelldum eða samfellukenndum hlutum („Banjókassi“ nr. 42). Eitt verka sýningarinnar gefur þessa




HALLDÓR B. RUNÓLFSSON

grunnhugmynd listamannsins betur til kynna en nokkuð annað. Það er verkið „Gefa líf og taka líf“. Tvenna, nr. 55 á sýningunni. Myndmálslega er það nokkurs konar summa þeirra þanka sem list Bat-Yosef snýst um.

Eins og fram kemur í stuttum en hnitmiðuðum texta listamannsins í sýningarskrá, þenur list Myriam Bat-Yosef sig stöðugt út. Frá uppsprettunni, þ.e. líkama hennar, flæðir málningin út yfir hluti og fólk. Gjörningar Bat-Yosef eru fyrst og fremst lifandi málverk og erfðaskrá hennar hljóðar upp á samsömun hennar eigin líkamsleifa við listaverk sem hún hefur þegar skapað („Ljósmyndir af erfðaskrá minni“). Hún er m.ö.o. uppspretta eigin listar, alfa hennar og omega, um leið og hún er skapari eigin umhverfis; áhrifa- og örlagavaldur í senn.

Þetta er í sjálfu sér kvennalist, þar sem listamaðurinn sér sjálfan sig sem guðdómlega uppsprettu, eða eins konar „Jarðarmóður“. Listtjáning hennar er andstæða díonýsískrar listsköpunar karlmannsins og á sér margar hliðstæður í kvennalist nútímans. Myriam Bat-Yosef hefði ekki getað fundið betri stund til að sýna þessi verk sín á en einmitt yfirstandandi kvennaár. Hér er á ferð athyglisverð sýning, einkum vegna þess að við Íslendingar eigum svo sjaldan kost á að sjá list sem byggð er á trúarlegum og heimspekilegum grunni.

HBR.



Látlaus verk en áleitin

Valgarður Gunnarsson sýnir í Gallerí Langbrók

Í Gallerí Langbrók sýnir Valgarður Gunnarsson um þessar mundir. Valgarður hefur getið sér gott orð fyrir málverk sín, allt frá því hann tók þátt í UM-sýningunni á Kjarvalsstöðum fyrir u.þ.b. þremur árum. Á síðasta ári var hann í hópi 6 annarra Íslendinga sem boðið var að sýna verk sín í Listasafninu í Lundi, á sýningu sem bar yfirskriftina „Málverk“. Síðan þá hefur hann staðið fyrir einni tvímenningssýningu að Kjarvalsstöðum.

Það eru fremur smá verk sem Valgarður sýnir að þessu sinni í Gallerí Langbrók. Þau sverja sig samt sem áður í ætt við það sem listamaðurinn hefur verið að fást við á undanförnum árum. Segja má að Valgarður sé „lýrikerinn“ í hópi ungu málaranna. Myndir hans snúast fyrst og fremst um pensilskrift og beitingu litarins fremur en stórskorin yrkisefni eins og vanalega eru kennd við málverk nútímans.

Málverk Valgarðs hafa heldur ekki til að bera þá tilvistarkenndu eða fáránlegu ásýnd sem oftast birtist í myndefni ungra listamanna. Myndir hans eru langt frá því að vera expressionískar. Miklu fremur mætti kalla þær impressionískar vegna þeirrar áherslu sem lögð er við málunina sjálfa. Það er nefnilega ákveðinn hugblær í myndum Valgarðs, atmosfera sem er mjög óvanaleg nú á tímum.

Þetta eru einfaldar myndir, bæði hvað varðar form og liti. Sumar eru langar og mjóar og þ.a.l. nokkuð skreytikenndar, jafnvel svo minnir á aldamótatilraunir nabíanna, en það var hópur franskra listamanna sem mægja vildu skreytilist við einfalda (frumstæða) list og ná þannig fram ákveðnum, náttúrusprottnum blæ sem þeir töldu ómengaðan af ofursiðfágun. Reyndar er töluvert í tækni Valgarðs sem minnir á aldamótamyndir þeirra Veuillards og Bonnards.

Einhvern veginn er það samt svo að Valgarður fellur hvergi í þær mýmörgu gryfjur sem yfirleitt verða þeim að fjörtjóni sem nálgast skreytilist að einhverju leyti. E.t.v. er hann fæddur undir svipaðri heillastjörnu og Matisse gamli, en sá gat tekið skrautið í þjónustu sína eins og Sæmundur kölska, án þess að þurfa að óttast að það yrði honum skeinuhætt. Eitt er vístlgarður nálgast skreytihættuna eins og sá sem þykist ekki vita af henni eða stendur hjartanlega á sama um hana.

Honum svipar að þessu leytinu til þeirra mannvera sem svo oft prýða hans eigin verk. Það eru afslappaðir strákar sem horfa fremur kæruleysislega út í loftið, eða láta sig dreyma dagdrauma, ósnortnir af öllu veraldlegu amstri. Þeir kæra sig kollótta þótt þeir séu dregnir í dilka eftir útliti. Hvort þeir eru taldir of skrautlegir gildir einu, því þeir vita sem er að fyrr en seinna endar öll list sem stofuprýði; allar bókmenntir sem stásskilir og öll tónlist sem effektasuð undir glæstar sjónvarpsauglýsingar.

Hví þá ekki að taka upp sömu afstöðu og fyrrnefndur Matisse og reyna að finna einhverja merkingu í hinu skrautlega, ef vera kynni að þannig mætti læða inn nýrri hugsun hjá saklausum áhorfanda? Er listin ekki einmitt orðin eins konar skæruhernaður í herbúðum vitundariðnaðarins?